

Efni: Samningahópur um fjárhagsmál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um fjárhagsmál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 16 (Skattamál), kafla 29 (Tollabandalag), kafla 32 (Fjárhagseftirlit) og kafla 33 (Fjárhags- og framlagamál). Í því felst einkum innri greining regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginleg greining með ESB, undirbúningur tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Í álitni meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) er sérstaklega vikið að eftirfarandi atriðum:

- Að toll- og löggæsluyfirvöldum verði tryggð áframhaldandi eftirlitsúrræði með innflutningi til landsins, t.d. heimildir til að skoða og stöðva ólöglegan innflutning fíkniefna og
- að álagning vörugjalda á áfengi, tóbak og eldsneyti haldist óbreytt.

Að öðru leyti er vísað til álitsins, en hópurinn skal í starfi sínu leggja þau sjónarmið sem þar koma fram til grundvallar og gæta hagsmuna þjóðarinnar í hvívetna.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Marianna Jónasdóttir, hefur verið skipuð formaður samningahópsins, en auk hennar munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópnum: Fjármálaráðuneyti, iðnaðarráðuneyti, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Ríkisskattstjóra og Tollstjóranum í Reykjavík. Þá er fyrirséð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Félagi íslenskra stórkaupmanna.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.